

Brot ákærða voru veruleg og af þeim stafaði hættu. Þykir því rétt að taka til greina kröfu um, að ákærði verði sviptur ökuleyfi. Sviptingartími ákveðst 3 mánuðir frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 178. gr. laga 74/1974 verður ákveðið, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsákvæðis.

Samkvæmt 141. gr. laga 74/1974 verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Harðar Einarssonar hæstaréttarlögmanns, er ákveðin verða 25.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Ísfeld Guðmundsson, greiði 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra 3 mánuði. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Harðar Einarssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 kr.

Mánudaginn 10. apríl 1978.

Nr. 41/1978. **Örn Helgason**

gegn

Valgerði Þóru Benediktsson.

Kærumál. Forræði barna. Frávísunardómur staðfestur. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Með kæru 16. febrúar 1978, sem barst Hæstarétti 2. mars

s. á., hefur sóknaraðili með heimild í 1. tl. b. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst ekki breytinga á hinum kærða dómi.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, fengu málsaðiljar leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng, gefið út af sýslumanni Kjósarsýslu 1. mars 1974. Var varnaraðilja þar veitt forræði þriggja yngstu barna þeirra í samræmi við samning um skilnaðarkjör, er aðiljar höfðu gert með sér 20. febrúar s. á. og staðfest fyrir yfirvaldi 21. og 25. s. m. Með samkomulagi aðilja 1. júní 1975 var svo kveðið á, að varnaraðili skyldi hafa „forræði allra barnanna“. Samkvæmt gögnum máls kom varnaraðili fyrir fulltrúa bæjarfógeta á Seltjarnarnesi 6. janúar 1977 og krafðist lögskilnaðar við sóknaraðilja og forræðis barna þeirra. Sóknaraðili kom fyrir fulltrúa bæjarfógetans 11. s. m. og samþykkti lögskilnaðarkröfuna, en krafðist forræðis tveggja yngstu barna þeirra. Var málið að svo vöxnu afgreitt til dómsmálaráðuneytisins, er gaf út leyfi til lögskilnaðar 29. júní 1977. Var svo ákveðið í leyfisbréfinu, að varnaraðilja væri að svo stöddu veitt forræði barnanna. Var samkomulag aðilja um forræði barnanna frá 20. febrúar 1974 og 1. júní 1975 þar með fallið úr gildi og málum skipað með ákvörðun ráðuneytisins, shr. 1. mgr. 47. gr. laga nr. 60/1972.

Samkvæmt 2. ml. 48. gr. laga nr. 60/1972 geta dómstólar ekki breytt úrskurði dómsmálaráðuneytis um forræði barna, enda sé meðferð máls rétt og við úrlausn máls beitt efnislegu mati, shr. dóm Hæstaréttar 1976, bls. 656. Samkvæmt því og þar sem ekki verður séð, að meðferð málsins hjá ráðuneytinu og ákvörðunin sjálf séu haldin neinum þeim göllum, að ógildingu hennar varði, ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm að niðurstöðu til.

Ekki verður séð, að héraðsdómari hafi tilkynnt aðiljunum um þinghald til uppsögu dómsins, svo sem boðið er í 1. mgr. 194. gr. laga nr. 85/1936, en samkvæmt því, sem komið er

fram fyrir Hæstarétti, þykir verða við það að miða, að sóknaraðili hafi kært frávisunardóminn innan lögmæltis frests samkvæmt 22. gr. laga nr. 75/1973.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávisunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Loga Einarssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Í leyfi sýslumannsins í Kjósarsýslu 1. mars 1974 til handa málsaðiljum til skilnaðar að borði og sæng var kveðið svo á, að varnaraðili fengi forræði þeirra tveggja barna málsaðilja, er mál þetta varðar. Sú ákvörðun var reist á skriflegu samkomulagi málsaðilja, dags. 20. febrúar 1974, er staðfest var af þeirra hendi með bókunum í hjónaskilnaðarbók Kjósarsýslu 21. og 25. febrúar 1974. Framangreinda skipan á forræði barnanna tveggja áréttuðu málsaðiljar með viðbótar-samningi um skilnaðarkjör 1. júní 1975. Er málsaðiljar leit-uðu lögskilnaðar, var hins vegar orðinn ágreiningur með þeim um forræði barnanna, svo sem greinir í héraðsdómi.

Þar sem sú ákvörðun, að varnaraðili fengi forræði barna málsaðilja, þeirra er mál þetta varðar, var reist á samningi þeirra, eins og áður var greint, varð þeirri skipan eigi breytt síðar nema með dómi, ef aðiljar urðu ekki á annað sáttir, sbr. 48. gr., 1. ml., og 46. gr. laga nr. 60/1972. Sóknaraðilja var því nauðsynlegt, ef hann vildi knýja fram breytingu á skipan forræðis barnanna gegn vilja varnaraðilja, að leita dómsúrlausnar um ágreininginn. Á réttarágreiningur máls-aðilja samkvæmt þessu undir dómstóla, en eigi dómsmála-ráðuneyti. Teljum við því, að fella beri hinn kærða frávisun-ardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, en eftir atvikum sé rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 27. janúar 1978.**I.**

Mál þetta var í dag tekið *ex officio* til dóms eða úrskurðar um formhlið.

Sóknaraðili er Örn Helgason skólasálfræðingur, Hjallabraut 43, Hafnarfirði (lögmaður Ragnar Aðalsteinsson hrl.), en varnaraðili fyrrverandi eiginkona sóknaraðilja, Valgerður Þóra Benediktsson kennari, áður til heimilis að Unnarbraut 12, Seltjarnarnesi, en nú til heimilis að Hafnarstræti 4, Ísafirði (lögmaður Benedikt Blöndal hrl.).

Málið er þingfest hinn 29. júní 1977. (Upphaflega var málið höfðað með stefnu, birttri 9. febrúar 1977, en það mál var hafið *ex officio* vegna útivistar stefnanda hinn 7. 6. 1977).

Dómkröfur stefnanda eru þær, að ákvæðum skilnaðarskilmála um forræði barnanna, Helga, fædd 7. mars 1970, og Sigríðar Auðar, fæddrar 12. júní 1965, sem gerðir voru með samkomulagi, dags. 20. febr. 1974, og viðbótum við það samkomulag, dags. 1. júní 1975, verði breytt á þann veg, að forræði greindra barna verði tekið úr höndum stefndu, Valgerðar Þóru, og fengið stefnanda, Erni Helgasyni. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að mati dómsins.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi og stefnda gengu í hjúskap 1. september 1956. Þau eiga fjögur börn, og eru tvö þau elstu fædd 1957 og 1959, en þau yngstu, sem mál þetta fjallar um, eru fædd 1965 og 1970. Hinn 1. mars 1974 var gefið út leyfi til skilnaðar að borði og sæng milli stefnanda og stefndu, en um skiptingu eigna o. fl. svo og forræði barnanna varð samkomulag með hjónunum á þann veg, að stefnda, Valgerður Þóra, skyldi hafa forræði barnanna Helga og Sigríðar Auðar svo og Gunnfríðar Svölu, fæddrar 16. nóv. 1959, en ekki er krafist breytingar á forræði hennar. Maðurinn fékk forræði elsta barnsins, Stefáns Mús, fædd 19. júní 1957.

Hinn 1. júní 1975 gerðu hjónin með sér viðbótarsamkomulag, þar sem m. a. segir: „Valgerður Þóra skal hafa forræði allra barnanna þar til annað kynni að verða ákveðið, en fjárhald þeirra skal vera í höndum Arnar. Örn skal hafa rétt til að umgangast

börnin að vild. Taka þau til sín tíma og tíma og fara með þau í ferðalög. Þá er Þóru óheimilt að taka ákvarðanir varðandi framtíð barnanna, nema samþykki Arnar komi til. Hvorugu foreldra er heimilt að fara með börnin til búsetu erlendis án samþykkis hins.“ Með bréfi til bæjarfógetans á Seltjarnarnesi, dags. 12. mars 1976, fór stefnandi fram á lögskilnað og breytingu á forræði barnanna í samræmi við dómkröfur í þessu máli.

Málið var tekið fyrir og afgreitt til dómsmálaráðuneytisins. Hinn 12. maí 1976 ritaði ráðuneytið aðiljum bréf og benti á, að samkomulagi aðilja um forræði barna yrði ekki breytt nema með dómi, sbr. 48. gr. laga nr. 60/1972.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að aðstæður aðilja séu svo breyttar, að þörf barnanna krefjist þess, að stefnandi fái forræði barnanna og taki þau til sín. Rök fyrir kröfum sínum hefur stefnandi reifað ítarlega í framlögðum skjölum svo og í aðiljaskýrslu sinni, þar sem hátterni stefndu frá því skilnaðurinn fór fram er rakið og þar sem högum hennar undanfarið og uppeldisumhverfi barnanna er rækilega lýst.

III.

Í greinargerð stefndu, sem lögð var fram í þinghaldi hinn 20. september 1977, segir m. a.:

„Í máli þessu reynir stefnandi að fá hrundið samkomulagi málsaðila um forræði tveggja barna þeirra, en málsaðilum var veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng 1. mars 1974, dskj. 4. Samkomulag um forræði barna hafði áður verið gert 20. febrúar 1974. Stefnanda var þá fengið forræði elsta barnsins, en stefndu hinna þriggja. Hinn 1. júní 1975 gerðu þau breytingu á þessari skipan, og var stefndu þá falið forræði allra barnanna, en stefnanda fjárhald þeirra, dskj. 5. Á þessu hefur ekki orðið breyting, en við meðferð lögskilnaðarmáls kröfðust báðir málsaðilar forræðis barna sinna.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið taldi sig eigi bært að skera úr þrætunni í fyrstu, en skipti svo um skoðun, og er málið þar til meðferðar. Er reyndar álitamál, hvort dómurinn er bær að fjalla um málið fyrr en ráðuneytið hefur lokið á það úrskurði, og hlýtur hann að taka til athugunar ex officio, hvort vísa beri málinu frá dómi að svo stöddu.“

Er greinargerð stefndu var komin fram, var ákveðið þinghald til sáttaumleitana og athugunar á formhlið og gagnaöflunar hinn

25. október 1977. Sátt komst eigi á, og lögmaður stefndu gerði eigi beina frávisunarkröfu, heldur var að lokinni aðiljayfirheyrslu yfir stefnanda bókað:

„Lögmaður stefndu tekur fram, að hann telji, að dómariinn eigi að afla umsagnar og álits barnaverndarnefndar í umdæmum beggja málsaðila um uppeldisaðstæður fyrir umrædd börn á heimili hvors málsaðila um sig.

Dómariinn tekur fram, að þar sem hér er um einkamál að tefla, hvíli gagnaöflun alfarið á málsaðilum, enda ekki að finna í lögum nein sérákvæði um forræðismál sem þetta, sem breyti þessari almennu réttarfarsreglu.

Lögmaður stefnanda tekur undir ósk lögmanns stefndu um, að dómariinn afli umsagnar viðkomandi barnaverndarnefnda svo og gagna og helst umsagnar frá barnaverndarnefnd Seltjarnarness, en stefnda bjó lengst af á Seltjarnarnesi, en er nú flutt til Ísafjarðar fyrir um mánuði síðan.

Þar sem aðilar hafa orðið sammála um að óska milligöngu dómsins um öflun gagna frá barnaverndarnefndum, þá ákveður dómariinn að verða við þeirri ósk og mun bréflega beiðast umsagna án ástæðulauss dráttar.“

Í samræmi við framangreint hófst dómariinn handa um gagnaöflun og óskaði m. a. eftir því við dómsmálaráðuneyti að fá þaðan þær umsagnir og gögn, er þar væru fyrir hendi.

Meðal þeirra gagna, er dómsmálaráðuneytið lét í té, var lögskilnaðarleyfisbréf, og barst dóminum það í hendur hinn 2. desember 1977. Leyfisbréfið höfðu lögmennt ekki lagt fram í málinu, en texti þess óstyttur hljóðar svo:

„DÓMSMÁLARÁÐHERRANN gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Örn Helgason, Miðvangi 12, Hafnarfirði, að hann óski að fá leyfi til lögskilnaðar við konu sína, Valgerði Þóru Másdóttur, Unnarbraut 12, Seltjarnarnesi, en þau hafa lifað algerlega aðskilin síðan þau fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 1. marz 1974.

Með því að hinar lögboðnu sáttatilaunir, sem fram hafa farið lögum samkvæmt, hafa reynzt árangurslausar, veitist hér með leyfi til lögskilnaðar milli téðra hjóna, Arnar Helgasonar og Valgerðar Þóru Másdóttur. Með skírskotun til 53. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar er konunni að svo stöddu veitt forræði barna þeirra hjóna, Sigríðar Auðar, f. 12. júní 1965, og Helga, f. 7. marz 1970, og greiði maðurinn konunni meðalmeðlag með hvoru barni frá útgáfudegi leyfisbréfs þessa að telja til fullnaðs 17 ára aldurs þeirra.

Meðlagið greiðist fyrirfram 1. hvers mánaðar, en fyrir yfirstandandi mánuð þegar í stað.

Faðirinn njóti eðlilegs umgengnisréttar við börn sín eftir nánara samkomulagi við móður.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. júní 1977.“

IV.

Meðal þeirra gagna, er stefnandi lagði fram við þingfestingu máls þessa, voru tveir ráðuneytisúrskurðir, þ. e. bréf dómsmálaráðuneytisins, annað frá 12. maí 1976, en hitt frá 16. febrúar 1977.

Fyrri bréf ráðuneytisins er til stefnanda í máli þessu og hljóðar svo:

„Ráðuneytinu hefur borizt endurrit úr hjónaskilnaðarbók Sel-tjarnarness í hjónaskilnaðarmálinu: Valgerður Þóra Benedikts-dóttir (sic) og Örn Helgason, en þar kemur fram, að ágreiningur er milli hjónanna um forræði tveggja yngstu barnanna, þeirra Sig-ríðar Auðar, f. 12. júní 1965, og Helgu, f. 7. marz 1970. Ráðuneytið bendir á, að við ráðstöfun forræðis barnanna lá til grundvallar samkomulag aðila, sbr. samkomulag, dags. 20. febrúar 1974, og viðbætur um samning um skilnaðarkjör, dags. 1. júní 1975, og verður því samkomulagi eigi breytt nema með dómi, sbr. 48. gr. laga nr. 60/1972.“

Síðara ráðuneytisbréfið er til lögmanns stefnanda í máli þessu og hljóðar svo:

„Jafnframt því að vísa til samtals við yður, herra hæstaréttar-lögmaður, varðandi hjónaskilnaðarmálið: Valgerður Þóra Más-dóttir og Örn Helgason, tekur ráðuneytið eftirfarandi fram:

Á þeim tíma, er ráðuneytinu barst lögskilnaðarbeiðni ofan-greindra aðilja, leit ráðuneytið svo á, að samkomulagi um skipan forræðis barna yrði eigi breytt nema með dómi. Á þeirri forsendu var afgreiðslu málsins vísað frá ráðuneytinu að svo stöddu. Í hrd. nr. 147 1975, sem kveðinn var upp 5. júlí sl. reyndi á túlkun á 48. gr. laga nr. 60/1972. Meirihluti Hæstaréttar taldi, að ráðuneytinu væri heimilt að úrskurða um ágreining á skipan forræðis barna við útgáfu lögskilnaðarleyfis, þrátt fyrir að samkomulag um forræði barna hefði legið til grundvallar við útgáfu leyfis-bréfs til skilnaðar að borði og sæng.

Á þessari forsendu telur ráðuneytið nú unnt að taka ofangreint hjónaskilnaðarmál til afgreiðslu og skera úr ágreiningi um forræði barna, óski aðilar þess.“

Í hæstaréttardómi þeim, er vitnað er til í bréfi ráðuneytisins (47. bindi bls. 657) segir m. a.:

„Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, varð samkomulag um það með málsaðiljum fyrir borgardómara 29. ágúst 1972, að aðaláfrýjandi skyldi hafa forræði beggja barna þeirra. Gaf dómsmálaráðuneytið út leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng þeim til handa 8. september s. á. og staðfesti þar samkomulag þetta. Um slit hjúskapar giltu þá reglur laga nr. 39/1921, sbr. 82. gr. laga nr. 60/1972. Gagnáfrýjandi ritaði dómsmálaráðuneyti bréf 23. febrúar 1973 og krafðist forræðis beggja barnanna. Aðaláfrýjandi mótmælti kröfu hans um breytingu á forræði barnanna með bréfi til ráðuneytisins 1. mars 1973. Gagnáfrýjandi kom fyrir borgardómara 24. september 1973 og krafðist lögskilnaðar og forræðis beggja barnanna. Aðaláfrýjandi kom fyrir borgardómara 5. mars 1974, samþykkti kröfuna um lögskilnað, en krafðist þess að hafa áfram forræði beggja barnanna. Var málið síðan afgreitt til dómsmálaráðuneytis til útgáfu lögskilnaðarleyfis og ákvörðunar um ágreining aðilja vegna forræðisins. Í samræmi við kröfur aðilja kvað ráðuneytið síðan á um forræði barnanna, er það gaf út leyfi til lögskilnaðar 14. maí 1974. Var samkomulag aðilja frá 29. ágúst 1972, er ráðuneytið hafði staðfest, eins og áður segir, þar með fallið úr gildi og málum skipað með ákvörðun ráðuneytisins, sbr. 1. mgr. 47. gr., sbr. 86. gr. laga nr. 60/1972, og aðaláfrýjanda veitt forræði beggja barnanna.

Skilja verður ákvæði 2. ml. 48. gr. laga nr. 60/1972 svo, að dómstólar geti eigi breytt úrskurði dómsmálaráðuneytis um forræði barns, enda sé meðferð máls rétt og við úrlausn beitt efnislegu mati. Samkvæmt þessu og þar sem ekki verður séð, að meðferð málsins hjá dómsmálaráðuneyti og ákvörðunin sjálf sé haldin nokkrum þeim göllum, að ógildingu hennar varði, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.“

V.

Eins og málið liggur nú fyrir, er eftirfarandi fram komið:

Krafa stefnanda um breytingu á forræði var fyrst höfð uppi (ásamt lögskilnaðarkröfunni) hinn 12. mars 1976. Ráðuneytið vísaði kröfunni frá hinn 12. maí 1976. Eftir það, eða hinn 6. og 12. janúar 1977, komu hjónin að nýju fyrir valdsmann, óskuðu bæði lögskilnaðar, en héldu fast við fyrri kröfur sínar varðandi forræði. Hjónaskilnaðarmálið var sent ráðuneytinu hinn 12.

janúar 1977. Stefnandi höfðaði dómsmál hinn 9. febrúar 1977. Það mál féll niður hinn 7. júní 1977, en var þingfest að nýju hinn 29. sama mánaðar, samdægurs og dómsmálaráðuneytið gaf út lögskilnaðarleyfi og úrskurðaði um forræði, enda hafði ráðuneytið þá með bréfi, dags. 16. febrúar 1977, breytt skilningi sínum á 48. gr. laga nr. 60/1972. Eftir þessu verður á því að byggja, að mál þetta hafi eigi verið fyrir dómi, er ráðuneytið ákvarðaði forræðið hinn 29. júní 1977, og jafnframt að forræðiskröfur aðilja hafi þá legið fyrir ráðuneytinu til úrlausnar.

VI.

Álit réttarins.

Með skírskotun til röksemda þeirra, er fram koma í framangreindu bréfi dómsmálaráðuneytisins frá 16. febrúar 1977, er máli þessu vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 10. apríl 1978.

Nr. 50/1978. **Hilmar Pétursson**

gegn

Katrínu Þorvaldsdóttur.

Kærumál. Umgengnisréttur. Frávísunardómur úr gildi felldur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Með kæru 3. mars 1978, sem barst Hæstarétti 13. s. m., hef-